

Bugavirkjun ehf
Magnús Hannesson
Eystri-Leirárgörðum
301 AKRANESI

Reykjavík, 22. nóvember 2012
Tilvísun: 2012110017/30.10
Verknúmer: 1043000

Efni: Leyfi til vatnsmiðlunar við Bugavirkjun í Hvalfjarðarsveit

Orkustofnunar hefur borist umsókn Baugavirkjunar ehf, kt. 540611-0330, Eystri-Leirárgörðum, 301 Hvalfjarðarsveit, dags. 21.nóvember sl., með vísan til 68. gr. vatnalaga nr. 15/1923, með síðari breytingum, þar sem sótt er um leyfi til að gera miðlunarlón við Bugalæk í landi Eystri-Leirárgarða, Hvalfjarðarsveit, vegna fyrirhugaðrar virkjunar. Umsókninni fylgdi yfirlýsing landeigenda Eystri-Leirárgarða, landnúmer 133737, þar sem fram kemur að þeir, fyrir sitt leyti, leyfa og samþykkja umsókn Baugavirkjunar ehf. um afnot af landi Eystri-Leirárgarða vegna fyrirhugaðrar virkjunar samkvæmt gögnum verkfræðistofunnar EFLU, sem þeim hafði verið kynnt og gera ekki athugasemdir við.

Um er að ræða miðlunar- og inntakslón allt að 15.000 fermetra að flatarmáli, og sést stærð og lega þess og fyrirhugaðrar stíflu á uppdrætti vegna deiliskipulagsbreytingar fyrir Eystri-Leirárgarða, sem samþykkt var í sveitarstjórn 28. ágúst 2012 og birt sem auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda 24. september 2012. Uppdrátturinn er birtur á vef Skipulagsstofnunar sem staðfest breyting á deiliskipulagi Eystri-Leirárgarða vegna Bugavirkjunar. Fylgigögn með umsókninni voru send með tölvubréfi, þann 19. nóvember sl., m.a. grunnmynd og snið af stíflu Bugavirkjunar unnin af EFLU verkfræðistofu, dags. 8.8.2011. Í símtali Magnúsar við starfsmann Orkustofnunar, einnig sama dag, komu fram upplýsingar um undirlag fyrirhugaðrar stíflu og fyrirkomulag á þéttingu hennar, studdar af fyrirmælum um frágang stíflunnar á fyrrgreindri grunnmynd frá EFLU verkfræðistofu. Grafið verður niður á þéttan jökulruðning, sem er á allt að 3 m dýpi, og þéttikjarni stíflunnar látinn ná niður á hann með tryggum hætti. Í símtalinu kom fram að þéttikjarninn yrði annað hvort úr jökulruðningi eða í formi steypis veggjar, val þar á milli og annað fyrirkomulag yrði skv. ráðgjöf frá EFLU verkfræðistofu.

Að könnuðum öllum fylgigögnum og fram komnum upplýsingum telur Orkustofnun þau fullnægjandi varðandi undirlag, gerð og frágang fyrirhugaðrar stíflu við Bugavirkjun í Hvalfjarðarsveit og sé því ekkert til fyrirstöðu að gefa út miðlunarleyfi í samræmi við ákvæði 68. gr. vatnalaga nr. 15/1923 með síðari breytingum, að athuguðum athugasemdum við þá lagagrein í frumvarpi að lögum nr. 132/2011 um breytingu á vatnalögum varðandi tengsl miðlunarleyfis við virkjunarleyfi skv. raforkulögum nr. 65/2003.

Í umsókn Bugavirkjunar ehf. kemur fram að ekki er þörf virkjunarleyfis fyrir virkjuninni að svo stöddu, þar sem ekki er útlit fyrir að samningar takist um tengingu virkjunarinnar við dreifikerfi RARIK, heldur verði hún tengd beint til eigenda á þeirra vegum. Komi til þess að samningar náist við RARIK verði hins vegar sótt um virkjunarleyfi skv. raforkulögum. Verði það raunin mun miðlunarleyfi Bugavirkjunar renna inn í virkjunarleyfið og verða hluti þess.

Meðfylgjandi bréfi þessu er leyfi til vatnsmiðlunar til handa Bugavirkjun ehf., við Bugalæk í landi Eystri-Leirárgarða Hvalfjarðarsveit vegna fyrirhugaðrar virkjunar.

Fyrir leyfi sem stjórnvöld veita á grundvelli þessara laga og fyrir eftirlit sem þeim er falið er heimilt að innheimta gjald, sbr. 146. gr vatnalaga. Gjaldið skal vera í samræmi við gjaldskrá sem staðfest skal



af viðkomandi ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda. Engin slík gjaldskrá hefur enn verið sett.

Ákvarðanir Orkustofnunar er snerta mannvirkjagerð eða aðrar framkvæmdir sem fjallað er um í VI. kafla vatnalaga sæta kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina nr. 130/2011.



Kristinn Einarsson

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra



Skúli Thoroddsen

Fylgiskjöl:

Leyfi til vatnsmiðlunar til handa Bugavirkjun ehf.,



Leyfi til vatnsmiðlunar til handa Bugavirkjun ehf., við Bugalæk í landi Eystri- Leirárgarða Hvalfjarðarsveit vegna fyrirhugaðrar virkjunar

Í samræmi við 68. gr. vatnalaga nr. 15/1923, með síðari breytingum, veitir Orkustofnun hér með Bugavirkjun ehf., kt. 540611-0330, Eystri-Leirárgörðum, 301 Hvalfjarðarsveit, hér eftir nefnd leyfishafi, leyfi til að gera miðlunarlón við Bugalæk í landi Eystri-Leirárgarða, Hvalfjarðarsveit, vegna fyrirhugaðrar virkjunar.

Umsókn leyfishafa fylgdi yfirlýsing landeigenda Eystri-Leirárgarða, landnúmer 133737, þar sem fram kemur að þeir, fyrir sitt leyti, leyfa og samþykkja umsókn um afnot af landi Eystri-Leirárgarða vegna fyrirhugaðrar virkjunar samkvæmt gögnum verkfræðistofunnar EFLU, sem þeim hafði verið kynnt og gera ekki athugasemdir við.

1. gr.

Staðarmörk svæðis

Leyfið tekur til miðlunar- og inntakslóns allt að 15.000 fermetra að flatarmáli, og sést stærð og lega þess og fyrirhugaðrar stíflu á uppdrætti vegna deiliskipulagsbreytingar fyrir Eystri-Leirárgarða, sem samþykkt var í sveitarstjórn 28. ágúst 2012 og birt sem auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda 24. september 2012. Uppdrátturinn er birtur á vef Skipulagsstofnunar sem staðfest breyting á deiliskipulagi Eystri-Leirárgarða vegna Bugavirkjunar.

2. gr.

Gildistími

Leyfið gildir frá 22. nóvember 2012, ótímabundið nema að forsendur leyfisveitingar hafi breyst, einnig sbr. 8. gr. leyfisins. Leyfi fellur úr gildi hefjist framkvæmdir ekki innan þriggja ára frá útgáfu þess.

3. gr.

Nýting og tillit til annarrar nýtingar

Með leyfi þessu er leyfishafa heimilt með vísan til 49. gr. vatnalaga að nota það vatn, sem miðlað er samkvæmt leyfinu, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla laganna, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

Um leyfi til að virkja vatnsfall fer skv. ákvæðum raforkulaga nr. 65/2003.

Með vísan til 50. gr. vatnalaga er leyfishafa heimilt að veita vatni úr eðlilegum farvegi, vegna vatnsorkunota samkvæmt 49. gr. vatnalaga, en eigi má veita meira vatni úr eðlilegum farvegi í þessu skyni en þörf er á, en öllu skal því veitt í fornan farveg áður en landareigninni sleppir, nema samlög séu milli fleiri landareigna um orkuvinnslu.

4. gr.

Mat á umhverfisáhrifum, skipulag og starfsleyfi

Aðrar framkvæmdir leyfishafa kunna eftir atvikum að vera matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, þ.m.t. vinnsla grunnvatns og vatnsleiðslur utan þéttbýlis.

Skipulagsskyldar framkvæmdir á vegum leyfishafa skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. skipulagslög, nr. 123/2010.

Leyfishafi skal afla sér starfsleyfis hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd sé um að ræða jarðboranir, sbr. reglugerð nr. 785/1999.

5. gr.

Vernd og frágangur starfsstöðva og svæðis

Um vernd nýtingarsvæðis gilda lög um náttúruvernd nr. 44/1999, einkum ákvæði 17., 34., 35., 37. og 38. gr. laganna, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sem og önnur lög sem varða nýtingu lands. Leyfishafa ber í hvívetna að fara að lögum í umgengi sinni um nýtingarsvæðið og skal leitast við að mannvirki verði lögð á þann hátt að sem minnstur skaði verði á náttúru landsins.

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum og fjarlægja á sinn kostnað öll mannvirki og skilja við svæðið, svo sem nokkur kostur er, í sama ásigkomulagi og fyrir framkvæmdir. Frágangur skal vera með þeim hætti að hann fyrirbyggji ekki framtíðarnotkun jarðrænna auðlinda á svæðinu.

6. gr.

Eftirlit

Orkustofnun hefur, samkvæmt 145. gr. vatnalaga, eftirlit með framkvæmd leyfis þessa.

7. gr.

Skaðabótaskylda og vátryggingar

Með vísan til 13. gr. vatnalaga er leyfishafa skylt að ganga svo frá brunnnum og öðrum vatnsgeymum, að mönnum, skepnum og landi annarra manna stafi eigi hætta af. Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Leyfishafa ber að hafa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna tjóns er kann að hljótast af starfsemi hans almennt.

8. gr.

Afturköllum

Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu eða lögum og reglugerðum sem það byggir á, sbr. 145 gr. vatnalaga, eða samningum sem tengjast leyfinu.

Verði Orkustofnun vör við að leyfishafi brjóti gagnvart ofangreindu skal stofnunin veita leyfishafa skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Ef leyfishafi sinnir ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfið.

9. gr.

Önnur leyfi


Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Það undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í öðrum lögum sem starfsemin fellur undir, svo sem framkvæmda og/eða byggingarleyfi viðkomandi sveitastjórnar.

10. gr.

Leyfisgjald

Fyrir leyfi sem stjórnvöld veita á grundvelli vatnalaga og fyrir eftirlit sem þeim er falið er heimilt að innheimta gjald. Gjaldið skal vera í samræmi við gjaldskrá sem staðfest skal af viðkomandi ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda. Engin slík gjaldskrá hefur enn verið sett.

Reykjavík, 22. nóvember 2012



Guðni A. Jóhannesson
orkumálastjóri.